

- 6.2.8. Siglingamálastofnun ríkisins má stöðva notkun og innsigla þann köfunarbúnað eða hluta köfunarbúnaðar, sem þarfnast viðgerðar, þar til viðgerð er lokið og heimild er veitt til notkunar á ný. Slík innsigli má enginn rjúfa nema fulltrúi Siglingamálastofnunar ríkisins.
- 6.2.9. Reglur þessar leysa köfunarformann eða kafara á engan hátt undan þeirri skyldu að fullvissa sig um, að búnaður hans sé í lagi og hafi fengið fullnægjandi skoðun og heimild til notkunar.
- 6.2.10. Köfunarformaður og/eða kafari skulu ásamt eiganda þegar í stað tilkynna til Siglingamálastofnar ríkisins, um ágalla á köfunarbúnaði, sem kynni að rýra öryggi kafarans. Sé að mati Siglingamálastofnunar ríkisins næg ástæða til þess getur stofnunin bannað notkun búnaðarins uns fullnægjandi úrbót hefur verið gerð.

7.0 Gildistaka o. fl.

- 7.1. Samgönguráðuneytið getur veitt heimild til að víkja frá reglugerð þessari, þegar sérstökum ástæðum er til að dreifa.
- 7.2. Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum, nema þyngri hegning liggja við samkvæmt öðrum lögum.
- 7.3. Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 12 13. apríl 1976 um kafarastörf, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 449, 9. október 1979 um sama efni.

Samgöngumálaráðuneytið, 20. febrúar 1989.

Steingrímur J. Sigfússon.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á starfssvæðum landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Samkvæmt 1. mgr. 104. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 hefur félagsmálaráðuneytið staðfest starfssvæði eftirtalinna landshlutasamtaka sveitarfélaga:

Starfssvæði Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum nær til eftirtalinna sveitarfélaga: Grindavíkur, Hafnahrepps, Miðneshrepps, Gerðahrepps, Keflavíkur, Njarðvíkur og Vatnsleysustrandarhrepps.

Starfssvæði Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi nær yfir allt Vesturlandskjördæmi þ.e. Borgarfjarðarsýslu, Akraneskaupstað, Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Ólafsvíkurkaupstað og Dalasýslu.

Starfssvæði Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu nær til eftirtalinna sveitarfélaga: Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Bessastaðahrepps, Kópavogs, Reykjavíkur, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar, Kjalarneshrepps og Kjósarhrepps.

Félagsmálaráðuneytið, 27. febrúar 1989.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þórhildur Líndal.